

Vísitala neysliverðs apríl 2004–2005

Consumer price index April 2004–2005

Í þessu hefti er fjallað um vísitölu neysliverðs og birtar töflur um þróun hennar síðustu tólf mánuði. Sérstaklega er fjallað um húsnæðislið vísitölnunnar og breytingar á útreikningi meðalvaxta sem Hagstofan gerir í maí 2005 en þær valda lækkun vísitölnunnar um 0,45%. Þá er vikið að hinni árlegu endurnýjun á grunni vísitölnunnar í mars 2005 og þeim breytingum sem þá voru gerðar á vísitölugrunninum.

Verðbólgan 4,3%

Vísitala neysliverðs hækkaði um 4,3% frá apríl 2004 til jafnlengdar í ár. Verðbólgan hefur aukist síðustu mánuði, einkum vegna mikilla hækkana á fasteignaverði. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs án húsnæðis um 1,1%.

Ástæður verðbólgunnar

Húsnæðishækkun skýrir
verðbólgu

Hækkun húsnæðisverðs og húsaleigu hefur öðru fremur knúið verðbólguna áfram það tólf mánaða tímabil sem hér er fjallað um. Húsnæðisverð hefur hækkað um 17,7% (vísitöluáhrif 3,27%). Verð á þjónustu hefur hækkað nokkuð, opinber þjónusta um 6,9% (0,51%) og önnur þjónusta um 3,1% (0,72%). Þá hefur verð á bensíni og díselolíu hækkað um 5,5% (0,22%).

Verð á mat og drykkjarvörum
lækkar

Verð á mat og drykkjarvörum hefur lækkað um 2,1% (-0,3%) samanborið við 0,9% lækkun árið áður. Eftir verðhækkunir frá vormánuðum 2004 til ársloka lækkaði verðið nokkuð fyrstu þrjú mánuði þessa árs, og má að miklu leyti rekja það til öflugrar samkeppni á dagvörumarkaði.

Grunnur vísitölnunnar

Frá árinu 2002 er grunnur vísitölnunnar endurskoðaður á hverju ári og eru niðurstöður úr rannsókn á útgjöldum heimilanna notaðar til þess. Rannsóknin hófst árið 2000 og hefur staðið óslitið síðan. Á hverju ári eru niðurstöður eins árs felldar út og einu ári bætt inn í staðinn. Þessi aðferð gerir það að verkum að ekki verða miklar breytingar á samsetningu yfirlíða grunnsins frá einu ári til annars þótt neyslumynstur heimilanna breytist þegar til lengri tíma er lítið.

Gögn frá 1.915 heimilum

Úrtak í útgjaldarannsókninni árin 2001–2003 var um 3.600 heimili eða tæplega 1.200 heimili á ári. Svör fengust frá 1.915 heimilum sem er um 58% svörun.

Úrvinnslan er með þeim hætti að niðurstöður fyrri árana tveggja eru framreiknaðar með vísitölum til verðlags þriðja ársins og reiknað vegið meðaltal



allra áranna fyrir hvern útgjaldaflokk. Niðurstaðan er síðan framfærð til verðlags í marsmánuði þegar skipt er um grunn vísitölunnar.

Hlutur húsnæðis eykst, hlutur bíla minnkar

Helstu breytingar á samsetningu útgjalda frá mars 2004 til mars 2005 eru þær að hlutur eigin húsnæðis eykst úr 14,3% í 15,2% í grunnni vísitölunnar og stafar það að mestu leyti af mikilli hækkun á húsnæðiskostnaði. Hlutur matar og drykkjarvöru minnkar lítillega, úr 14,6% í 14,4%. Þáttur ferða og flutninga minnkar úr 14,4% í 13,2% og skýrist það aðallega af því að innflutningur á nýjum bílum var minni á því þriggja ára tímabili, sem nú er miðað við, en tímabilið á undan.

Við endurskoðun á vogum fyrir dagvöru í grunnni vísitölunnar var stuðst við niðurstöður áranna 2002–2004. Neytendur versluðu í auknum mæli í lágvöru-verðsverslunum sem leiddi til 0,03% lækkunar vísitölunnar í apríl. Endurskoðun á öðrum útgjaldaliðum vísitölunnar höfðu hins vegar ekki áhrif á verðmælinguna í apríl.

Þungaskattur inn í grunn vísitölunnar

Í júlí 2005 verður þungaskattur af bílum lagður niður í núverandi mynd en í stað hans tekið upp olíugjald sem reiknast inn í verð olíunnar. Þungaskattur hefur ekki verið í grunnni vísitölunnar þar sem litið var á hann sem beinan skatt. Í raun ber fremur að líta á hann sem óbeinan skatt og hefði hann því átt að teljast með. Olíugjaldið sem tekið verður upp í júlí, er óbeinn skattur og verður talið með í vísitölunni eins og aðrir óbeinir skattar. Til þess að undirbúa þessa breytingu var heimilisútgjöldum vegna þungaskatts bætt í grunninn við endurskoðun hans í mars, en það hafði engin áhrif á verðmælinguna í apríl. Við kerfisbreytinguna í júlí fellur þungaskatturinn úr grunninum, en öll verðbreyting olíunnar verður tekin með í vísitöluútreikninginn.

Húsnæði í vísitölu neysluverðs

Breytingar á útreikningi meðalvaxta í vísitölu neysluverðs

Í júlí 2004 var kerfi langtímalána Íbúðalánasjóðs breytt þegar tekin voru upp peningalán, ÍLS-veðbréf, með lægri raunvöxtum en áður. Fljótlega eftir þetta hófu bankar að bjóða hagstæð lán til húsnæðiskaupa og jókst þá framboð langtímalána til einstaklinga mjög. Í kjölfarið fylgdu aukin viðskipti með húsnæði og hækkaði húsnæðisverð verulega.

Fimm ára meðaltal vaxta

Hagstofan tók tillit til þeirrar vaxtalækkunar, sem varð við kerfisbreytinguna í júlí 2004, enda leiddi hún til lægra raunvaxtastigs en verið hafði. Í nýja lánakerfinu eru vextirnir ákvarðaðir mánaðarlega. Í upphafi var talið líklegt að þeir myndu breytast mun tíðar en verið hafði sem gæti valdið verulegum skammtímasveiflum á vísitölunni. Af þessum sökum var í ágúst 2004 ákveðið að miða raunvexti í vísitölunni við meðaltal þeirra undanfarin fimm ár og þeim breytt mánaðarlega þannig að í hvert sinn væri felldur brott einn mánuður og nýjum mánuði bætt við. Með þessu væri tryggt að áhrifin af vaxtalækkuninni kæmu fram í útreikningnum án þess að vaxtabreytingar yllu skammtímasveiflum í vísitölunni. Vextir til húsnæðiskaupa lækkuðu úr 5,1% í 4,8% í júlí 2004 og voru í lok ársins komnir í 4,15%. Þeir hafa verið óbreyttir síðan og telja verður líklegt að komin sé fram langtímalækkun á raunvöxtum.

Ný viðmiðun, tólf mánaða meðaltal vaxta

Að fenginni þessari reynslu og í ljósi framkominna sjónarmiða í þessum efnunum telur Hagstofan rétt að stytta viðmiðunartímabil vaxtanna í tólf mánuði og taka þannig áhrif af breytingum vaxta hraðar inn í útreikninginn en áður. Miðað er við

að aðferðinni sé haldið óbreyttri til næstu grunnskipta í mars 2006 og verði hún endurmetin þá. Verði vextir stöðugir á því tímabili munu áhrifin af breytingu vaxtanna á verðmælinguna fjara út.

Samsetning vaxtanna endurskoðuð

Samsetning raunvaxtanna sem notuð er við útreikninginn, hefur einnig verið endurmetin eins og gert er árlega í tengslum við grunnskipti vísitölunnar í mars. Vöxtum af eigin fjármögnun húsnæðis, er haldið föstum en þeir eru ríflega helmingur af vog vaxta í húsnæðislið vísitölunnar. Aðrir vextir eru breytilegir en þar er um að ræða vexti af ÍLS lánum, húsnæðislánum frá bönkum og lífeyris-sjóðum ásamt lánum sem tekin eru yfir við kaup fasteigna. Vextirnir eftir þessar breytingar eru um 3,7% að meðaltali.

Áhrif 0,45% til lækkunar á vísitölunni

Heildarlækkun vísitölu neysluverðs vegna lækkunar vaxtanna miðað við tólf mánaða meðaltal þeirra nemur um 0,9% frá júlí 2004 til apríl 2005 og þegar hafa verið tekin með áhrif vaxtalækkunar sem nema um 0,45%. Áhrifin af breyttum útreikningi vaxtanna nú nema um 0,45% til lækkunar vísitölunni í mælingu hennar í maí 2005.


Verðbreytingar á húsnæði 1993–2005

Raunverð miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis

Verðbreytingar á húsnæði hafa verið teknar með í útreikningi vísitölu neysluverðs frá árinu 1992. Myndir 1 og 2 sýna verðbreytingar á raunverði húsnæðis eins og þær hafa mælst í vísitölunni frá 1993 til apríl 2005 og eru breytingar miðaðar við vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Verðbreytingarnar eru annars vegar dregnar saman eftir nokkrum árábilum og hinsvegar eftir árum.

Mynd 1. Breytingar á raunverði húsnæðis, miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis, eftir árábilum.


Figure 1. Changes in real housing prices, deflated by the consumer price index less housing cost, changes over periods of years



Skýringar Notes: Verð á landsbyggðinni var fyrst tekið með í vísitöluna í mars 2000. Árið 2005 á við verðlag í apríl. Prices outside the capital area were included in the index in March 2000. For 2005 prices in April.

Mynd 2. Breytingar á raunverði húsnæðis árin 1994–2005, miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

Figure 2. Changes in real housing prices, 1994–2005, deflated by the consumer price index less housing cost.



Skýringar Notes: Verð á landsbyggðinni var tekið með í vísitöluna í mars árið 2000. Árið 2005 á við verðlag í apríl. Prices outside the capital area were included in the index in March 2000. For 2005 prices in April.

Fasteignaverð stóð í stað árin 1993–1998

Árin 1993–1998 stóð raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu í stað eða lækkaði. Að meðaltali hækkaði verðið um 0,3%, lækkaði lítillega fyrir fjölbýli en hækkaði um 1,8% fyrir einbýli.

Árin 1998 til 2000 hækkaði húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu nokkuð. Raunverðshækkunir námu ríflega 24% og var hækkunin heldur meiri á húsnæði í fjölbýli en í sérþýli.

Meðalhækkun húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu árin 2000 til 2004 var rúmlega 21% en tæplega 17% á landsbyggðinni á sama tímabili. Meðalhækkun húsnæðis á landinu á þessu tímabili var ríflega 20%.

22% meðalhækkun fasteignaverðs frá 2004

Frá meðaltali ársins 2004 til apríl 2005, í kjölfar vaxtalækkana og aukins aðgengis að lánsfé, hækkaði raunverð á fasteignum á höfuðborgarsvæði um ríflega fjórðung. Hækkun fasteigna utan höfuðborgarsvæðis á þessu tímabili nam tæplega 11% og meðaltalshækkun eigna í landinu var ríflega 22%.

Frá árinu 1993 til apríl 2005 hækkaði verð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu um 90%, í fjölbýli 88% og um 100% í sérþýli.

1997-2005, hækkun í höfuðborg: fjölbýli 100%, sérþýli 110%, landsbyggð 44%

Hækkun frá 1997 til 2005 var að meðaltali um 100%, í fjölbýli 98% og 110% í sérþýli. Á tímabilinu hækkaði verð á landsbyggðinni um rúm 44%. Meðalhækkun á öllu landinu var tæplega 89%. Verðhækkunir á fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæði voru svipaðar frá árinu 1993 til ársins 2004. Breyting hefur þó orðið á því og í apríl 2005 hafði verð á sérþýli á höfuðborgarsvæði hækkað um 6% umfram verðbreytingar á fjölbýli.

Verðmæling á eigin húsnæði

80% Íslendinga búa í eigin húsnæði

Flestir Íslendingar, um 80%, búa í eigin húsnæði samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimila. Verðmæling á búsetu þarf að ná til alls húsnæðis óháð því hvort um eigin húsnæði eða leiguhúsnæði er að ræða. Fyrir leiguhúsnæði eru verðbreytingar húsaleigu notaðar. Vandinn við mat á hlut eigin húsnæðis í vísitölu er tvíþættur; annars vegar er húsnæði nýtt til búsetu en er auk þess fjárfesting sem lýtur þeim lögmálum sem um hana gilda. Mat á búsetu í eigin húsnæði þarf að ná til beggja þessara þátta. Í vísitölu neysluverðs er eigið húsnæði reiknað sem einfaldur notendakostnaður en hann er reiknaður sem árgreiðsla af jafngreiðsluláni sem tekið er til langs tíma á ákveðnum raunvöxtum.

Markaðsverðsaðferðir notaðar til að reikna út eigin húsnæði

Tvær megináðferðir koma til greina við útreikning á notum eigin húsnæðis og sameiginlegt er báðum aðferðum að markaðsverð er notað til að meta verðbreytingar. Önnur aðferðin tekur tillit til þjónustunnar sem verður til við búsetu í eigin húsnæði, framleiðslu hennar í skilningi þjóðhagsreikninga og nær yfir *notendakostnað og leiguígildi*. Notendakostnaðurinn nýtir afskriftir og vexti, sem líta má sem aðföng til framleiðslu húsnæðisþjónustunnar, til útreiknings á reiknuðu leigunni. Hin aðferðin nær til *nettókaupa* eða verðmæti þess sem byggt er umfram afskrift stofns.

Mismunandi aðferðir við að mat á vogum

Aðferðirnar við að reikna útgjaldavogir fyrir eigið húsnæði eru mismunandi. Í þeim ríkjum sem nota leiguígildi, eru upplýsingar úr þjóðhagsreikningum notaðar, íbúðaeigendur spurðir hvaða leiga þeir telji að væri greidd fyrir íbúðina þeirra ef hún væri leigð eða notuð markaðsleiga sem greidd er fyrir sambærilegar eignir. Þegar notendakostnaður er reiknaður er það árgreiðslan af stofni eignanna sem er notuð til að fá útgjaldavogina. Í nettókaupaaðferðinni er húsnæðið sem er keypt allt gjaldfært í einu og þá verður vogin samkvæmt þeirri aðferð til.

Verðbreytingar metnar eftir breytingum markaðsverðs

Verðbreytingar á eigin húsnæði eru reiknaðar eftir breytingum markaðsverðs. Fyrir leiguígildi eru það breytingar á leigu fyrir sambærilegt húsnæði. Í tilviki notendakostnaðarins er miðað við breytingar markaðsverðs á húsnæði, bæði notuðu og nýju, auk vaxtabreytinga. Sé miðað við nettókaup ætti eingöngu að mæla verðbreytingu á nýju húsnæði. Ef fasteignaverð á nýjum og notuðum eignum hreyfist með svipuðum hætti, er þó unnt að nota sömu fasteignaverðsvísitölu, hvort sem um er að ræða notendakostnað eða nettóaðferð.

Yfirlit um aðferðir við útreikning á eigin húsnæði

Húsaleiguígildi

Leiguígildi er víða reiknað þar sem leigumarkaðir eru öflugir og eru breytingar á leigu á almennum markaði þá láttnar gilda fyrir samsvarandi eigin húsnæði. Leiguígildið breytist eins og leigan á markaði. Forsendur þessa eru a) að húsaleigumarkaður sé nægilega umfangsmikill, b) að til séu sambærilegar gerðir og stærðir eigna á leigumarkaði og fyrir eigin húsnæði, c) að leigumarkaði sé ekki stýrt, d) að leiga sé ekki niðurgreidd af stjórnvöldum eða markaðsverði stjórnað á annan hátt og e) að kostnaður sem leigusalar bera en ekki leigjendur eða þeir sem búa í eigin húsnæði, sé ekki tekinn með í verðmælinguna.

Ekki er unnt að beita þessari aðferð á Íslandi vegna þess hve leigumarkaðurinn er smár og samsetning hans önnur en almennt háttar um eigið húsnæði. Á síðustu árum hefur það verið sérstakt vandamál við notkun á aðferðinni í mörgum ríkjum að verðbreytingar á eignamörkuðum og leigumörkuðum hafa verið mjög mismunandi. Hér á landi hafa verðbreytingar á leigu og eigin húsnæði undanfarin

ár verið býsna áþekkar þar til á árinu 2005, en þá hefur eignaverð hækkað verulega umfram leiguverð. Þetta á sérstaklega við um eignir í sérbýli þar sem leigumarkaður er varla til.

Einfaldur notendakostnaður

Einfaldur notendakostnaður er notaður í íslensku neysliverðsvísitölunni. Reiknuð er árgreiðsla (reiknuð leiga) af jafngreiðsluláni þar sem stofninn (höfuðstóllinn) er markaðsvirði eignarinnar og miðað er við ákveðna raunvexti og endingartíma (afskriftir). Raunvextirnir eru ávöxtunarkrafa (fórmarkostnaður) á það fjármagn sem bundið er í eigninni hvort sem það er eigið fé eða lánsfé. Tillit er tekið til slits eignarinnar og hún afskrifuð miðað við ákveðinn endingartíma húsnæðisins. Litið er til notanna af húsnæðinu, búsetunnar, en afrakstur fjárfestingarinnar er mældur með langtímaraunvöxtum. Verðbreytingin ræðst af breytingum á markaðsverði allra eigna sem seldar eru og af breytingu raunvaxta.

Neysliverðsvísitalan er mælikvarði á skammtímaverðbreytingar og er þá gert ráð fyrir að ekki sé staðkvæmni milli þess að búa í eigin húsnæði og leigja, þ.e. að vegna smæðar leigumarkaðar sé til skemmri tíma litið ekki unnt að selja húsnæðið og leigja annað í staðinn.

Nettókaup

Hægt er að meta húsnæðiskostnaðinn miðað við nettókaup. Nettóliðurinn er það sem byggt er af húsnæði umfram það sem er afskrifað. Húsnæðið er fært til gjalda þegar það er keypt á sama hátt og aðrir fjármunir í útreikningi neyslúvísitalna. Verðbreytingarnar eru mældar eftir verði nýrra bygginga. Þar með eru taldar eigin húsbýggingar og kaup beint af byggingaraðila eða fasteignasala. Auk þess þarf að taka tillit til kaupa einstaklinga á íbúðum frá atvinnulífínu eða opinberum aðilum. Að hluta til svipar vísitölunni til framleiðsluverðsvísitölu fyrir byggingar.

Misjafnlega mikið er byggt af nýjum íbúðum árlega og fer það meðal annars eftir ástandi í efnahagsmálum. Nettóbreytingar gætu orðið neikvæðar einhver ár og þar með vogir fyrir nýtt húsnæði. Verður því að reikna vogir sem meðaltal nokkurra ára ef nota á þessa aðferð. Breytingar á vogum verða meiri og tengdari hagsveiflum þegar nettóaðferð er notuð í stað notendakostnaðar eða húsaleiguígilda og vegin fyrir eigið húsnæði að öllu jöfnu lægri.

Eigið húsnæði í ýmsum ríkjum

Verðbreytingar á eigin húsnæði eru reiknaðar með ýmsum hætti í öðrum löndum og mjög mismunandi er hvernig húsnæðismarkaðurinn skiptist milli búsetu í eigin húsnæði og leiguhúsnæði. Hér að neðan má sjá hvaða aðferð hefur verið valin í nokkrum löndum, hlutfall eigin húsnæðis af húsnæðismarkaði er sýnt innan sviga:

Yfirlit yfir aðferðir í öðrum ríkjum

Notendakostnaður: Ísland (80), Írland (80), Bretland (67), Kanada (66). Finnland (61) og Svíþjóð (39).

Húsaleiguígildi: Noregur (77), Bandaríkin (75), Danmörk (53), Holland (50), Þýskaland (41), Sviss og Japan.

Nettókaup: Bandaríkin til 1983, Ástralía, Nýja Sjáland, samræmd vísitala neysliverðs frá 2007.

Sleppt: Ítalía (78), Spánn (78), Grikkland (77), Lúxemborg (72), Portúgal (66), Belgía (65), Frakkland (54) og Austurríki (50).

Með í samræmdri vísitölu neysluverðs eftir markaðsverðsaðferð 2007

Flestar þjóðirnar nota markaðsverðsaðferðir, annað hvort notendakostnað eða leigugildi, enda er hlutur eigin húsnæðis afar mismunandi frá einu landi til annars. Nokkrar þjóðir sleppa eigin húsnæði alveg úr vísitölumælingunni. Í flestum tilvikum er það vegna þess að ekki eru til nægar upplýsingar um verðbreytingar á eignamarkaði til að hægt sé að beita þeim markaðsaðferðunum sem hér hefur verið lýst. Eigið húsnæði hefur enn ekki verið tekið inn í samræmda vísitölu neysluverðs sem reiknuð er fyrir EES-ríkin. en áformað er að það verði gert frá árinu 2007, líklega með nettókaupaðferð og með verðvísitölu fyrir allar eignir seldar. Þannig er ljóst að innan örfára ára munu þessar þjóðir nota markaðsverðsaðferð við útreikning á eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs.

Eigið húsnæði í vísitölu hér á landi

Húsnæðiskostnaður í vísitölu neysluverðs hefur verið reiknaður sem einfaldur notendakostnaður í tæplega þrettán ár eða frá nóvember 1992. Í fyrstu náði verðmælingin á húsnæði eingöngu til höfuðborgarsvæðisins, en frá aprílmánuði 2000 til landsins alls.

Notendakostnaður raunvextir og afskriftir

Grunnupplýsingar fyrir húsnæði er fasteignamat en upplýsingum um það er safnað í rannsókn á útgjöldum heimila og af því er reiknuð meðalárgreiðsla fyrir vísitölugrunninn. Í hverjum mánuði er stofninn framfærður með vísitölu fasteignaverðs og ný árgreiðsla reiknuð miðað við nýja raunvexti. Fasteignamat ríkisins metur allar fasteignir í landinu á samræmdan hátt, eftir upplýsingum um markaðsvirði seldra eigna. Matið er reist á kaupsamningum sem einnig eru notaðir við framreikning á eigin húsnæði í vísitölu neysluverðs.

Langtímaraunvextirnir sem notaðir eru við útreikning á notendakostnaði sýna afrakstur fjárfestingarinnar yfir líftíma fjármunanna. Raunvaxtakrafan sem notuð er endurspeglar þannig fjárfestingarhagnaðinn. Breytingar á raunvöxtum hafa bein áhrif á árgreiðsluna og þegar líftími fjármunanna er langur og vextir ekki mjög lágir, breytist árgreiðslan (reiknaða leigan) um svipað hlutfall og vextirnir.

Raunvextir háðir ávöxtunarkröfu fyrir eigið fé og lánsfé

Tveir þættir hafa áhrif á hvernig raunvextirnir í líkaninu breytast, hver ávöxtunarkrafan á eigið fé er annars vegar og á lánsfé hins vegar. Langtímaraunvextirnir sameina tvo meginþætti í fjármögnuninni, þann hluta sem kaupandinn þarf að fjármagna með lánsfé (45% nú) og ávöxtunarkröfuna á eigið fé (55% nú). Í líkaninu fyrir notendakostnaðinn hefur skiptingin milli þessara þátta verið reist á upplýsingum úr kaupsamningunum sem notaðir eru í verðmælingunni og á forsendum um líftíma húsnæðisins.

Langtíma raunvextir á eigin fé fastir en breytilegir fyrir lánsfé

Sem fyrr segir er vöxtum á eigin fé haldið föstum en vextir af lánsfé eru breytilegir og þannig er förnarkostnaður fjármagns á endingartíma fjármunanna metinn. Ávöxtunarkrafan á eigið fé er 3% og er hún höfð óbreytt á líftíma fjármunanna. Af breytilegum vöxtum vega raunvextir af ÍLS lánum Íbúðalánasjóðs og íbúðalánavextir bankanna þyngst.

Frá ágúst 2004 var meðaltal vaxtanna miðað við fimm ára meðaltal. Þeirri aðferð verður breytt í maí 2005 og framvegis miðað við tólf mánaða meðaltal þeirra. Ein meginástæðan fyrir þessu er að ekki hafa orðið miklar og snöggar breytingar á vöxtum eins og búist hafði verið við og virðist sem vaxtastigið í dag sé frekar stöðugt.

Afskriftir eftir aldri eigna

Vandasamt er að meta afskriftir sem eiga að endurspeglar slit á eignum en það er ætíð verulegri óvissu háð. Afskriftahlutfallið var aðallega fundið með því að athuga stofn eigna eftir byggingarári. Notendakostnaðurinn nær bæði yfir byggingar og landið sem þær eru reistar á. Afskriftin er í raun 1,5% á fasteignir sem svarar til um 67 ára endingartíma. Lóðir eru ekki afskrifaðar enda eyðast þær ekki í tímans rás. Afskrift ætti eingöngu að reikna af mati hússins. Aldrei er skilið á milli verðs á lóð og fasteign í þeim verðupplýsingum sem liggja til grundvallar húsnæðisvísitölunni. Af hagkvæmnisástæðum er reiknað með meðaltalsafskrift á allan stofninn bæði byggingu og lóð. Afskrift í vísitölunni er 1,25% af fasteignamatstofni.

Verðmælingar á eignaverði*Kaupsamningar notaðir til að mæla breytingar á fasteignaverði*

Markaðsverð fæst úr kaupsamningum sem Fasteignamat ríkisins hefur safnað um langt árabil. Þeir henta vel til þessarar notkunar vegna þess að þeir eru staðlaðir fyrir allt landið. Sérhver kaupsamningur hefur að geyma upplýsingar um eignina, eigendur, söluverð og nákvæmar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag. Sérhver eign ber sérstakt auðkennisnúmer sem notað er í Landsskrá fasteigna. Þessi ítarlegu gögn mynda grunn fyrir heildarfasteignamatið og liggja til grundvallar mælingu á markaðsverði fasteigna í vísitölu neysluverðs. Samningum er safnað frá sýslumannsembættum þegar kaupsamningum er þinglýst og nást með þessum hætti nær allir kaupsamningar sem gerðir eru. Kaupsamningarnir eru 8–10 þúsund á ári og lætur nærri að 8–10% af öllu húsnæði í landinu gangi kaupum og sölum á hverju ári. Þetta hlutfall er enn herra þegar svo mikið er selt af eignum sem nú og gæti legið á bilinu 13–15%.

Verðhugtakið er staðgreiðsluverð eigna

Verðhugtakið er það sama og gildir í öðrum verðmælingum í vísitölunni að það verð er tekið með í útreikninginn sem neytandinn greiðir í raun fyrir vörur og þjónustu, staðgreiðsluverð vörunnar. Í kaupsamningi kemur fram hvernig greiðslum er háttáð og liggja þær upplýsingar að baki núvirðingu hans. Grundvallarástæða þess að núvirði er notað er sú staðreynd að virði peninga, sem greiddir eru í dag, er annað en ef greitt er í framtíðinni.

Fasteignaverðsvísitalan er reiknuð eftir verðbreytingum á staðgreiðsluverði fasteigna eins og það kemur fram í kaupsamningum. Flestir kaupsamningar eru nýttir fyrir reiknuðu leiguna og vegið landsmeðaltal reiknað. Útreikningur verðbreytinga á fasteignum er miðaður við þriggja mánaða meðaltal með eins mánaðar tímátöf. Í apríl er miðað við kaupsamninga fyrir tímabilið janúar til mars, í maí við tímabilið febrúar til apríl og þannig koll af kalli. Verðupplýsingunum er steipt saman í eina heild og verðbreyting á reiknaðri húsaleigu metin út frá öllum kaupsamningum. Í útreikningi er samsetningu á milli stærðarflokka haldið fastri miðað við keyptar eignir í viðkomandi flokki síðastliðin þrjú ár.

Verðbreytingin er metin fyrir einbýli (13% vog) og fjölbýli (59% vog) á höfuðborgarsvæði (72% vog) og einbýli (15% vog) og fjölbýli (13% vog) utan höfuðborgarsvæðis (28% vog). Lögð er áhersla á samanburð á verðbreytingum fyrir flokka húsnæðis innbyrðis en ekki á milli tegunda eigna eða landshluta. Stærðarflokkar eigna eru 8. Í allt eru reiknaðar níu undirvísitölur fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæði og 8 vísitölur eftir stærðarflokkum fyrir eignir utan höfuðborgarinnar. Úr þeim eru reiknaðar 4 heildarvísitölur, fyrir fjölbýli og einbýli á og utan höfuðborgarsvæðis. Alls er því reiknuð 21 undirvísitala sem notuð er við útreikning heildarvísitölu fyrir fasteignaverð.

English summary

Housing credit in Iceland changed markedly in 2004. The public housing loan system was changed in July 2004 which brought about a fall in mortgage rates and soon after that commercial and savings banks increased greatly their housing loans at competitive interest rates. The initial fall in mortgage rates was included in the Icelandic CPI in July but as of August 2004 it was decided that the variable real mortgage rates, used in the calculation of the simple user cost of housing, should be calculated as a five years moving average.

This decision was made in anticipation of frequent mortgage rate changes which might give rise to month-to-month volatility in the CPI. The feared volatility of real interest rates on housing credit has not materialized and the rates have over the recent months been stabilized at a substantially lower level than before. In light of this, the method of averaging the real interest rates will be changed in May 2005 when a twelve month moving average will be applied instead of the five year one. This change leads to a lowering of the Icelandic CPI by 0.45% in May 2005.

In real terms, house prices (deflated by the CPI less housing cost) in the period 1997 to April 2005 have increased by 98% for multi-flat houses and 110% for single-flat houses in the capital area. For houses outside the capital area, the average price change in the same period was 44%. The average price change for the whole country was nearly 85%.

The inflation in Iceland in the period April 2004 to April 2005 was 4.3%. The main underlying factor in this development was price rise for owner occupied housing that rose by 17.7% (effect on the index 3.27%). In the same period the CPI less housing cost rose by 1.1%.

The CPI is rebased every year, utilizing data gathered in the continuous household expenditure survey (HES) of Statistics Iceland. The data used are three years' moving average results from the HES. Each year the first year's results are dropped and results for one new year is added. This year data for 2001-2003 are mainly used. Because of the yearly rebasing there are no substantial changes in expenditure shares from one year to another.

The main changes in the composition of the expenditures between 2004 and 2005 are in owner occupied housing where the expenditure share increased from 14.3% to 15.2%, mainly because of higher housing prices. The share of food and non alcoholic beverages decreased slightly, from 14.6% to 14.4%. The expenditure share of transport lowered from 14.4% to 13.2% mainly because of the decrease in the import of new cars in the three years period covered.

The revision of the weights for groceries is based on expenditures in the years 2002-2004. Because of the increased share of low price stores in this period this revision led to a lowering of the CPI by 0.03% in April. Revision of other expenditures in the index did not affect the price measurement in April.

Tafla 1. Vísitala neysluverðs, breytingar apríl 2004–2005

Table 1. Consumer price index, changes April 2004–2005

Maí 1988 = 100 May 1988=100	Vísitala Monthly index	Breytingar í hverjum mánuði, % Monthly changes	Umreiknað til árhækkunar miðað við hækkun vísitölunnar Annualized rates			
			Síðasta mánuð, % Latest month	Síðustu 3 mánuði, % Latest 3 months	Síðustu 6 mánuði, % Latest 6 months	Síðustu 12 mánuði, % Latest 12 months
2004						
Apríl	232,0	0,6	7,0	3,3	2,6	2,2
Maí	233,9	0,8	10,3	8,1	4,1	3,2
Júní	235,7	0,8	9,6	9,0	5,0	3,9
Júlí	234,6	-0,5	-5,5	4,6	3,9	3,6
Ágúst	234,6	0,0	0,0	1,2	4,6	3,7
September	235,6	0,4	5,2	-0,2	4,3	3,4
Október	237,4	0,8	9,6	4,9	4,7	3,7
Nóvember	237,9	0,2	2,6	5,7	3,4	3,8
Desember	239,0	0,5	5,7	5,9	2,8	3,9
Meðaltal	234,6	3,2
2005						
Janúar	239,2	0,1	1,0	3,1	4,0	4,0
Febrúar	239,7	0,2	2,5	3,1	4,4	4,5
Mars	241,5	0,8	9,4	4,3	5,1	4,7
Apríl	242,0	0,2	2,5	4,8	3,9	4,3

Tafla 2. Vísitala neysluverðs án húsnæðis, breytingar apríl 2004–2005

Table 2. Consumer price index less housing cost, changes April 2004–2005

Maí 1988 = 100 May 1988=100	Vísitala Monthly index	Breytingar í hverjum mánuði, % Monthly changes	Umreiknað til árhækkunar miðað við hækkun vísitölunnar Annualized rates			
			Síðasta mánuð, % Latest month	Síðustu 3 mánuði, % Latest 3 months	Síðustu 6 mánuði, % Latest 6 months	Síðustu 12 mánuði, % Latest 12 months
2004						
Apríl	225,9	0,4	5,5	2,5	2,0	1,2
Maí	227,4	0,7	8,3	7,2	3,0	2,2
Júní	228,7	0,6	7,1	6,9	3,6	2,7
Júlí	227,7	-0,4	-5,1	3,2	2,9	2,7
Ágúst	227,3	-0,2	-2,1	-0,2	3,4	2,9
September	228,2	0,4	4,9	-0,9	3,0	2,5
Október	229,8	0,7	8,7	3,7	3,5	2,7
Nóvember	229,8	0,0	0,0	4,5	2,1	2,5
Desember	230,5	0,3	3,7	4,1	1,6	2,6
Meðaltal	227,5	2,1
2005						
Janúar	229,2	-0,6	-6,6	-1,0	1,3	2,1
Febrúar	228,6	-0,3	-3,1	-2,1	1,1	2,3
Mars	229,4	0,3	4,3	-1,9	1,1	2,0
Apríl	228,3	-0,5	-5,6	-1,6	-1,3	1,1

Tafla 3. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1995–2005*Table 3. Consumer price index for indexation of financial obligations 1995–2005*

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1995	.	.	.	172,0	171,8	172,1	172,3	172,8	173,5	174,1	174,9	174,3
1996	174,2	174,9	175,2	175,5	175,8	176,9	176,7	176,9	178,0	178,4	178,5	178,6
1997	177,8	178,4	178,5	178,4	179,7	179,4	179,8	180,1	180,6	181,3	181,9	181,7
1998	181,4	182,4	182,0	182,7	183,1	183,7	184,0	183,6	182,6	182,8	183,6	184,1
1999	183,7	184,8	184,5	185,4	186,4	187,3	188,8	189,5	190,2	191,8	193,3	193,3
2000	194,0	195,5	194,9	196,4	197,6	198,4	199,1	200,1	199,1	199,5	201,5	202,1
2001	202,1	202,4	202,8	204,0	206,5	209,4	212,6	214,2	214,9	216,3	217,7	218,5
2002	219,5	221,5	220,9	221,8	221,9	221,8	222,8	223,0	221,8	222,9	224,1	223,7
2003	223,9	224,7	224,3	226,7	227,0	226,6	226,8	226,5	226,3	227,9	229,0	229,3
2004	230,0	230,1	229,4	230,7	232,0	233,9	235,7	234,6	234,6	235,6	237,4	237,9
2005	239,0	239,2	239,7	241,5	242,0							

Tafla 4. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar sem breytast eftir lánskjaravísitölu 1995–2005*Table 4. The old credit tem index of financial obligations 1995–2005*

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1995	.	.	.	3.396	3.392	3.398	3.402	3.412	3.426	3.438	3.453	3.442
1996	3.440	3.453	3.459	3.465	3.471	3.493	3.489	3.493	3.515	3.523	3.524	3.526
1997	3.511	3.523	3.524	3.523	3.548	3.542	3.550	3.556	3.566	3.580	3.592	3.588
1998	3.582	3.601	3.594	3.607	3.615	3.627	3.633	3.625	3.605	3.609	3.625	3.635
1999	3.627	3.649	3.643	3.661	3.680	3.698	3.728	3.742	3.755	3.787	3.817	3.817
2000	3.831	3.860	3.848	3.878	3.902	3.917	3.931	3.951	3.931	3.939	3.979	3.990
2001	3.990	3.996	4.004	4.028	4.077	4.135	4.198	4.229	4.243	4.271	4.298	4.314
2002	4.334	4.374	4.362	4.379	4.381	4.379	4.399	4.403	4.379	4.401	4.425	4.417
2003	4.421	4.437	4.429	4.476	4.482	4.474	4.478	4.472	4.468	4.500	4.522	4.528
2004	4.541	4.543	4.530	4.555	4.581	4.618	4.654	4.632	4.632	4.652	4.687	4.697
2005	4.719	4.723	4.733	4.768	4.778							

Tafla 5. Vísitala neysliverðs eftir útgjaldaflokkum, hlutfallsskipting og ársbreyting
 Table 5. Consumer price index by expenditure groups, percentage breakdown and annual rate of change

	Vísitala				Breyting frá síðasta ári	
	Hlutfallsleg skipting		mars '97=100		Breyting	Áhrif á
	Percentage breakdown	March '97=100	Change	Effect on the	%	CPI %
	Mars 2004	Mars 2005	Mars 2004	Mars 2005		
Vísitala neysliverðs Consumer price index	100,0	100,0	129,3	135,3	4,7	4,67
01 Matur og drykkjarvörur						
<i>Food and non-alcoholic beverages</i>	14,8	14,6	122,9	123,0	0,1	0,02
011 Matur <i>Food</i>	13,2	12,8	123,2	123,8	0,5	0,06
0111 Brauð og kornvörur <i>Bread and cereals</i>	2,5	2,4	129,8	126,0	-2,9	-0,08
0112 Kjöt <i>Meat</i>	2,8	3,0	111,2	123,4	11,0	0,31
0113 Fiskur <i>Fish</i>	0,7	0,8	156,3	166,0	6,2	0,05
0114 Mjólk, ostar og egg <i>Milk, cheese and eggs</i>	2,9	2,5	127,2	123,4	-3,0	-0,08
0115 Oliur og feitmeti <i>Oils and fats</i>	0,3	0,2	123,4	112,2	-9,1	-0,02
0116 Ávextir <i>Fruit</i>	0,7	0,5	110,9	93,5	-15,6	-0,10
0117 Grænmeti, kartöflur o.fl. <i>Vegetables including potatoes</i>	1,0	1,0	106,2	104,7	-1,5	-0,02
0118 Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl. <i>Sugar, jam, chocol. etc.</i>	1,5	1,6	128,4	128,8	0,3	0,00
0119 Aðrar matvörur <i>Food products n.e.c.</i>	0,8	0,8	129,8	129,7	-0,1	0,00
012 Drykkjarvörur <i>Non-alcoholic beverages</i>	1,6	1,8	120,4	117,4	-2,5	-0,05
0121 Kaffi, te og kakó <i>Coffee, tea and cocoa</i>	0,3	0,3	113,6	108,1	-4,8	-0,02
0122 Gosdrykkir, safar og vatn <i>Mineral waters, soft drinks and juices</i>	1,3	1,5	122,4	120,0	-2,0	-0,03
02 Áfengi og tóbak Alcoholic beverages and tobacco	4,6	4,0	144,8	151,2	4,4	0,17
021 Áfengi <i>Alcoholic beverages</i>	2,5	2,2	118,2	119,4	1,0	0,02
022 Tóbak <i>Tobacco</i>	2,1	1,8	178,8	194,9	9,0	0,15
03 Föt og skór Clothing and footwear	5,1	5,3	93,6	93,9	0,3	0,02
031 Föt <i>Clothing</i>	4,3	4,5	94,7	95,5	0,8	0,04
032 Skór <i>Footwear</i>	0,8	0,8	88,1	85,9	-2,5	-0,02
04 Húsnæði, hiti og rafmagn						
<i>Housing, water, electricity, gas and other fuels</i>	21,3	24,1	159,5	183,1	14,8	3,25
041 Greidd húsaleiga <i>Actual rentals for housing</i>	2,5	2,5	186,8	197,9	5,9	0,15
042 Reiknuð húsaleiga <i>Imputed rentals for housing</i>	11,9	14,3	179,2	217,3	21,3	2,63
043 Viðhald og viðgerðir á húsnæði <i>Regular maintenance</i>	3,0	3,4	129,8	134,0	3,2	0,11
044 Annað vegna húsn. <i>Other serv. relating to the dwelling</i>	1,2	1,1	153,9	179,7	16,8	0,16
045 Rafmagn og hiti <i>Electricity, gas and other fuels</i>	2,7	2,7	117,1	125,8	7,4	0,20
0451 Rafmagn <i>Electricity</i>	1,5	1,6	115,8	127,8	10,5	0,15
0455 Hiti <i>Hot water</i>	1,2	1,2	118,8	123,1	3,6	0,04
05 Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.						
<i>Furnishing and household equipment</i>	5,9	5,5	113,3	114,2	0,7	0,04
051 Húsgögn og heimilisb. <i>Furniture, furnishings, etc.</i>	2,7	2,3	110,4	111,7	1,2	0,03
052 Vefnaðarvörur <i>Household textiles</i>	0,6	0,5	113,2	115,4	1,9	0,01
053 Raftæki <i>Electrical appliances</i>	0,8	0,8	96,8	95,2	-1,6	-0,01
054 Borðbún., glös, eldhúsáhöld <i>Glassware, tableware, etc.</i>	0,5	0,5	119,8	117,7	-1,7	-0,01
055 Verkfæri og tæki fyrir hús og garð <i>Tools and equipment</i>	0,3	0,4	121,1	118,7	-2,0	-0,01
056 Ýmsar vörur og þjónusta <i>Goods and services</i>	1,0	1,0	131,7	136,1	3,4	0,03
06 Heilsugæsla Health	3,9	3,9	135,8	142,6	5,0	0,20
061 Lyf og lækningavörur <i>Medical products, etc.</i>	1,8	1,7	123,5	128,0	3,6	0,06
062 Heilsugæsla <i>Out-patient services</i>	2,1	2,1	142,5	151,3	6,1	0,13

Tafla 5. Vísitala neysluverðs eftir útgjaldaflokkum, hlutfallsskipting og ársbreyting (frh.)
 Table 5. Consumer price index by expenditure groups, percentage breakdown and annual rate of change (cont.)

		Hlutfallsleg skipting				Breyting frá síðasta ári	
		Percentage breakdown				Change from last year	
				Vísitala		Áhrif á	
				mars '97=100		Breyting	
				March '97=100		Change	
						Effect on the	
						CPI %	
		Mars 2004	Mars 2005	Mars 2004	Mars 2005	%	
07	Ferðir og flutningar <i>Transport</i>	15,3	14,4	123,2	128,2	4,0	0,58
071	Kaup ökutækja <i>Purchase of vehicles</i>	6,3	5,3	114,0	115,2	1,0	0,06
0711	Bílar <i>Motor car</i>	6,1	5,1	116,2	117,2	0,8	0,05
072	Rekstur ökutækja <i>Operation of personal transp. equipm.</i>	7,0	7,1	130,1	138,5	6,4	0,45
0721	Varahlutir <i>Spare parts and accessories</i>	1,4	1,2	127,6	126,4	-0,9	-0,01
0722	Bensín og olíur <i>Fuels and lubricants</i>	3,7	4,0	121,0	133,0	10,0	0,38
0723	Viðhald og viðgerðir <i>Maintenance and repairs</i>	1,2	1,2	172,7	183,5	6,2	0,08
0724	Annað vegna ökutækja <i>Other services</i>	0,7	0,7	136,5	138,2	1,3	0,01
073	Flutningar <i>Transport services</i>	2,1	1,9	138,6	144,0	3,9	0,08
0732	Flutningar á vegum <i>Passenger transport by road</i>	0,6	0,6	154,2	157,9	2,4	0,01
0733	Flutningar í lofti <i>Passenger transport by air</i>	1,4	1,3	132,8	138,8	4,5	0,06
0734	Flutningar á sjó <i>Passenger transport by sea</i>	0,1	0,1	110,1	116,6	5,9	0,00
08	Póstur og sími <i>Communications</i>	3,1	3,0	98,2	100,1	1,9	0,06
0811	Póstur <i>Postal services</i>	0,1	0,1	126,2	126,2	0,0	0,00
0813	Símabjónusta <i>Telephone, telegraph and telefax serv.</i>	2,9	2,7	105,2	108,6	3,2	0,09
09	Tómstundir og menning <i>Recreation and culture</i>	13,9	13,1	120,2	120,5	0,2	0,03
091	Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl. <i>Audiovisual instruments, etc.</i>	1,7	1,5	72,0	62,5	-13,1	-0,23
092	Tómstundir, stærri tæki o.fl. <i>Major durables for recreation and culture</i>	0,6	0,5	103,5	105,9	2,3	0,01
093	Tómstundavörur, leikföng o.fl. <i>Other recreational items</i>	1,6	1,6	119,3	120,6	1,1	0,02
094	Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti <i>Recreational and cultural services</i>	4,7	4,9	135,4	143,5	6,0	0,29
095	Blöð, bækur og ritföng <i>Newspapers, books and stationery</i>	2,3	2,2	125,3	129,1	3,0	0,07
096	Pakkaferðir <i>Package holidays</i>	3,0	2,5	128,5	122,6	-4,6	-0,13
10	Menntun <i>Educational services</i>	0,8	0,5	158,2	157,2	-0,6	0,00
11	Hótel og veitingastaðir <i>Hotels, cafés and restaurants</i>	5,0	5,4	130,1	135,6	4,2	0,23
111	Veitingar <i>Catering</i>	4,7	5,0	128,5	133,8	4,1	0,21
112	Gisting <i>Accommodation services</i>	0,3	0,4	152,5	161,9	6,2	0,02
12	Aðrar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,2	143,3	145,1	1,2	0,08
121	Snyrting og snyrtivörur <i>Personal care</i>	2,8	2,6	135,2	133,1	-1,6	-0,04
122	Skartgripir úr o.fl. <i>Personal effects n.e.c.</i>	0,4	0,4	153,5	155,7	1,4	0,01
123	Félagsleg þjónusta <i>Social protection</i>	1,2	1,1	159,6	160,5	0,6	0,01
124	Tryggingar <i>Insurance</i>	0,4	0,4	163,7	164,5	0,5	0,00
125	Fjármálaþjónusta ó.t.a. <i>Financial services n.e.c.</i>	1,0	1,1	110,8	119,8	8,1	0,09
126	Önnur þjónusta ó.t.a. <i>Other services n.e.c.</i>	0,3	0,5	137,2	142,7	4,0	0,02

Tafla 6. Vísitala neysluverðs eftir eðli og uppruna apríl 2004–2005

Table 6. Consumer price index by economic categories, April 2004–2005

	2004			
	Apríl	Mái	Júní	Júli
Undirvísitölur mars 1997=100				
Vísitala neysluverðs Consumer Price Index	130,0	131,1	132,1	131,5
1 Búvörur án grænmetis <i>Agricultural products less vegetables</i>	118,0	120,1	120,6	122,1
2 Grænmeti <i>Vegetables</i>	102,4	100,7	101,9	100,6
3 Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur <i>Other domestic food and beverages</i>	130,4	130,8	132,0	132,0
4 Aðrar innlendar vörur <i>Other domestic goods</i>	124,5	126,5	126,7	126,9
5 Innfluttar mat- og drykkjarvörur <i>Imported food and beverages</i>	120,2	120,7	121,7	121,2
6 Nýr bíll og varahlutir <i>Cars and spare parts</i>	118,7	118,4	118,6	118,9
7 Bensín <i>Petrol</i>	126,1	130,3	138,2	135,0
8 Innfluttar vörur aðrar <i>Other imported goods</i>	101,2	101,7	102,0	99,3
9 Áfengi og tóbak <i>Alcohol and tobacco</i>	145,2	145,2	145,2	145,8
10 Húsnæði <i>Housing</i>	175,1	178,0	180,8	180,0
11 Opinber þjónusta <i>Public services</i>	134,1	135,1	135,2	136,0
12 Önnur þjónusta <i>Other services</i>	139,1	139,8	139,8	140,3
Þar af: <i>Thereof:</i>				
Innlendar vörur (liðir 1 til 4) <i>Domestic goods (items 1 to 4)</i>	123,1	124,3	125,0	125,6
Búvörur og grænmeti (liðir 1 og 2) <i>Agricultural products (items 1 and 2)</i>	116,1	117,7	118,3	119,4
Innl. vörur án búvöru og grænmi. (liðir 3 og 4) <i>Domestic goods less agricult. prod. and vegetab.</i>	127,8	128,8	129,6	129,7
Innfluttar vörur alls (liðir 5 til 9) <i>Imported goods (items 5 to 9)</i>	113,8	114,5	115,6	113,8
Innfluttar vörur án áf. og tób. (liðir 5 til 8) <i>Imported goods less, alcohol and tobacco (items 5 to 8)</i>	110,7	111,4	112,6	110,6
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns)				
<i>Core index 1 (CPI less agricultural products, vegetables, fruits and petrol)</i>	131,5	132,4	133,1	132,5
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísit. 1 án opinberrar þjónustu) <i>Core index 2 (core index 1 less public serv.)</i>	131,8	132,6	133,4	132,7
Dagvara <i>Groceries (perishable items)</i>	119,9	120,7	121,6	121,8
Hlutfallsleg skipting				
Vísitala neysluverðs Consumer Price Index	100,0	100,0	100,0	100,0
1 Búvörur án grænmetis <i>Agricultural products less vegetables</i>	5,7	5,8	5,7	5,8
2 Grænmeti <i>Vegetables</i>	0,7	0,7	0,7	0,7
3 Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur <i>Other domestic food and beverages</i>	5,8	5,8	5,8	5,8
4 Aðrar innlendar vörur <i>Other domestic goods</i>	4,0	4,0	4,0	4,0
5 Innfluttar mat- og drykkjarvörur <i>Imported food and beverages</i>	2,8	2,8	2,8	2,8
6 Nýr bíll og varahlutir <i>Cars and spare parts</i>	6,6	6,6	6,5	6,6
7 Bensín <i>Petrol</i>	3,9	4,0	4,2	4,2
8 Innfluttar vörur aðrar <i>Other imported goods</i>	17,2	17,1	17,1	16,7
9 Áfengi og tóbak <i>Alcohol and tobacco</i>	4,0	3,9	3,9	3,9
10 Húsnæði <i>Housing</i>	18,4	18,6	18,7	18,7
11 Opinber þjónusta <i>Public services</i>	7,5	7,4	7,4	7,5
12 Önnur þjónusta <i>Other services</i>	23,4	23,3	23,1	23,3
Þar af: <i>Thereof:</i>				
Innlendar vörur (liðir 1 til 4) <i>Domestic goods (items 1 to 4)</i>	16,3	16,3	16,3	16,4
Búvörur og grænmeti (liðir 1 og 2) <i>Agricultural products (items 1 and 2)</i>	6,4	6,5	6,5	6,5
Innl. vörur án búvöru og grænmi. (liðir 3 og 4) <i>Domestic goods less agricult. prod. & vegetab.</i>	9,8	9,8	9,8	9,9
Innfluttar vörur alls (liðir 5 til 9) <i>Imported goods (items 5 to 9)</i>	34,5	34,4	34,5	34,1
Innfluttar vörur án áf. og tób. (liðir 5 til 8) <i>Imported goods less, alcohol and tobacco (items 5 to 8)</i>	30,5	30,5	30,6	30,2
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns)				
<i>Core index 1 (CPI less agricultural products, vegetables, fruits and petrol)</i>	89,0	88,9	88,7	88,7
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísit. 1 án opinberrar þjónustu) <i>Core index 2 (core index 1 less public serv.)</i>	81,6	81,4	81,3	81,2
Dagvara <i>Groceries (perishable items)</i>	17,5	17,4	17,4	17,6

									Breyting síðustu 12 mánuði <i>Change from last 12 months</i>	
2004					2005				Áhrif á visit. <i>Effect on the CPI %</i>	
Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	%	CPI %
131,5	132,0	133,0	133,3	133,9	134,0	134,3	135,3	135,6	4,3	4,29
122,6	123,8	124,4	123,3	125,0	125,8	124,9	123,1	121,6	3,0	0,18
108,8	99,8	102,2	103,5	104,3	108,7	108,1	101,2	96,0	-6,3	-0,05
131,1	131,7	131,9	132,2	133,4	133,7	133,0	130,7	126,3	-3,2	-0,17
127,1	128,2	128,5	128,4	128,6	127,9	128,6	127,4	127,3	2,2	0,09
120,4	119,6	120,2	121,8	121,6	121,4	120,3	113,5	109,2	-9,2	-0,25
118,9	118,9	119,7	119,9	119,8	120,5	119,4	118,9	117,4	-1,1	-0,05
139,4	138,9	141,7	138,6	137,1	129,3	129,4	132,9	133,1	5,5	0,22
97,1	99,0	101,3	101,3	101,3	96,9	95,4	98,6	99,3	-1,9	-0,33
146,5	146,9	147,0	148,6	151,2	152,2	152,3	151,2	151,1	4,1	0,16
181,1	182,4	184,0	186,1	188,1	191,7	196,3	200,7	206,1	17,7	3,27
136,6	135,8	136,2	136,3	136,3	142,3	143,7	143,4	143,4	6,9	0,51
140,4	140,3	140,1	140,3	140,9	142,2	142,8	143,6	143,4	3,1	0,72
125,9	126,4	126,8	126,6	127,7	128,2	127,7	125,7	123,3	0,2	0,05
120,9	120,8	121,7	120,8	122,4	123,8	122,8	120,4	118,4	1,9	0,13
129,2	130,0	130,3	130,4	131,2	131,0	130,9	129,1	126,6	-0,9	-0,08
113,1	114,0	115,8	115,8	115,9	112,8	111,7	113,1	113,0	-0,8	-0,26
109,7	110,7	112,7	112,5	112,3	108,8	107,6	109,3	109,1	-1,4	-0,42
132,2	132,8	133,8	134,3	134,9	135,3	135,7	137,0	137,6	4,6	4,06
132,2	133,0	134,0	134,6	135,3	135,1	135,5	136,9	137,5	4,4	3,54
121,9	122,0	122,4	122,4	123,4	124,0	123,1	119,8	116,8	-2,5	-0,42
100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	•	•
5,9	5,9	5,9	5,8	5,9	5,9	5,8	5,7	5,6	•	•
0,8	0,7	0,7	0,7	0,7	0,8	0,8	0,7	0,7	•	•
5,8	5,8	5,8	5,8	5,8	5,8	5,8	5,6	5,3	•	•
4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	3,9	4,1	•	•
2,8	2,7	2,7	2,8	2,8	2,7	2,7	2,5	2,5	•	•
6,6	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,5	6,4	4,9	•	•
4,3	4,3	4,3	4,2	4,1	3,9	3,9	4,0	4,6	•	•
16,3	16,6	16,8	16,8	16,7	16,0	15,7	16,1	16,2	•	•
3,9	3,9	3,9	3,9	4,0	4,0	4,0	4,0	3,7	•	•
18,8	18,9	18,9	19,1	19,2	19,6	20,0	20,3	22,1	•	•
7,5	7,4	7,4	7,4	7,4	7,7	7,7	7,7	7,7	•	•
23,3	23,2	23,0	23,0	23,0	23,2	23,2	23,2	22,8	•	•
16,5	16,4	16,4	16,3	16,4	16,4	16,3	16,0	15,6	•	•
6,6	6,6	6,6	6,5	6,6	6,7	6,6	6,4	6,3	•	•
9,8	9,8	9,8	9,8	9,8	9,8	9,7	9,5	9,3	•	•
33,9	34,0	34,3	34,2	34,1	33,2	32,7	32,9	31,7	•	•
29,9	30,1	30,4	30,3	30,1	29,1	28,7	29,0	28,1	•	•
88,4	88,5	88,5	88,6	88,6	88,8	88,9	89,1	88,6	•	•
80,9	81,1	81,1	81,2	81,3	81,1	81,1	81,4	80,9	•	•
17,6	17,5	17,4	17,4	17,5	17,5	17,4	16,8	16,3	•	•

Tafla 7. Vísitala neysluverðs, undirvísitölur apríl 2004–2005Table 7. *Consumer price index, subindices, April 2004–2005*

Coicop		Hlutfall		
		mars 2005	2004	
		Per 10,000	April	Mai
	Vísitala neysluverðs Consumer price index	10.000	130,0	131,1
01	Matur og drykkjarvörur Food and non-alcoholic beverages	1.442	122,3	123,2
011	Matur Food	1.270	122,7	123,6
0111	Brauð og kornvörur Bread and cereals	241	129,3	129,3
01111	Hrisgrjón Rice	3	128,5	127,9
01112	Brauð Bread	96	123,8	124,8
01113	Pasta Pasta	6	130,9	133,0
01114	Hveiti og mjöl Flour and meal	9	118,8	118,3
01115	Sætabrauð og kökur Pastries, cakes	47	152,1	152,8
01116	Flatbrauð, hrökkbrauð og kex Rusks, biscuits, cream crackers	41	135,8	135,7
01119	Korn og vörur úr korni Other cereal products	37	121,2	118,8
0112	Kjöt Meat	291	109,4	113,1
01121	Nautakjöt, nýtt eða frosið Beef, fresh or frozen	40	124,4	121,1
01123	Svínakjöt, nýtt eða frosið Pork, fresh or frozen	24	83,9	97,2
01124	Lambakjöt, nýtt eða frosið Lamb, fresh and frozen	61	104,9	115,9
01125	Fuglakjöt, nýtt eða frosið Poultry, fresh or frozen	28	73,3	76,3
01126	Kjöt unnið, reykt og saltað Cured meat	125	120,3	120,8
01129	Annað kjöt, nýtt eða frosið Other meat, fresh or frozen	14	113,5	115,2
0113	Fiskur Fish	71	160,3	160,6
01131	Fiskur nýr og frosinn Fish, fresh or frozen	32	176,0	173,4
01132	Fiskur, saltaður, reyktur o.fl. Fish, dried or smoked	16	138,9	142,5
01133	Skelfiskur og aðrar sjávarafurðir Crustaceans and other seafood, fresh and frozen	9	111,2	113,9
01139	Sjávarafurðir aðrar Other seafood, preserved or processed	15	155,6	155,5
0114	Mjólki, ostar og egg Milk, cheese and eggs	258	127,6	127,6
01141	Mjólki Whole milk	22	118,5	118,8
01142	Léttmjólki, undanrenna o.fl. Low-fat milk and skimmed milk	35	122,5	123,0
01144	Jógúrt Yoghurts	11	137,0	135,9
01145	Mjólkurafurðir aðrar Other milk products	89	131,0	130,7
01146	Ostar Cheese	83	135,5	135,8
01147	Egg Eggs	16	114,4	113,4
0115	Oliur og feitmeti Oils and fats	22	121,6	123,3
01151	Smjör Butter	12	132,4	136,2
01152	Smjörlíki og önnur jurtafeiti Margarine and other vegetable fat	5	115,2	114,2
0116	Ávextir Fruit	54	108,6	111,0
01161	Appelsínur og fleiri nýir ávextir Citrus fruit and other fresh fruit	7	100,1	100,4
01162	Banar Bananas	13	96,4	103,1
01163	Epli Apples	7	116,6	114,1
01166	Ber Berries	10	109,5	112,2
01168	Þurrkaðir ávextir og hnetur Dried fruit and nuts	7	135,0	137,3
0117	Grænmeti, kartöflur o.fl. Vegetables including potatoes and other tubers	100	106,0	105,0
01171	Blað-, stilkgrænmeti og kryddjurtir Leaf and stalk vegetables and culinary herbs	8	89,2	89,2
01172	Kál Cabbage	6	102,0	100,1
01173	Grænmeti ræktað vegna ávaxtar Vegetables cultivated for their fruit	18	72,9	72,7
01174	Sveppir, rótarnýði og laukar Root and tuber vegetables and mushrooms	18	91,4	91,1
01177	Grænmeti niðursoðið Preserved or processed vegetables and vegetable-based products	14	134,6	135,3
01178	Kartöflur Potatoes	17	133,0	126,2
01179	Vörur framleiddar úr kartöflum Potato products	17	113,2	114,3

2004							2005			
Júni	Júli	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Mars	Apríl
132,1	131,5	131,5	132,0	133,0	133,3	133,9	134,0	134,3	135,3	135,6
124,1	124,5	124,7	124,8	125,3	125,3	126,5	127,1	126,2	123,0	119,7
124,5	125,1	125,5	125,5	126,0	126,0	127,2	127,9	126,9	123,8	121,0
131,0	130,8	129,4	129,9	130,1	130,2	130,2	130,2	130,0	126,1	123,1
128,5	127,9	127,1	127,0	127,3	128,6	128,2	124,2	124,6	117,4	119,0
128,2	128,6	126,4	126,9	126,2	125,4	127,3	127,7	128,0	121,7	121,5
132,0	129,2	123,3	130,4	130,8	130,5	128,2	129,4	131,0	119,8	113,9
118,9	119,2	118,1	118,3	119,0	120,2	118,0	119,8	119,2	118,4	109,0
153,8	154,3	154,1	154,5	155,3	156,1	153,7	154,1	154,4	157,8	153,7
135,6	134,2	134,1	135,5	136,9	136,9	137,3	137,9	137,0	134,9	130,1
119,8	118,6	117,8	116,8	117,0	118,6	116,8	115,1	114,3	108,3	103,2
114,2	115,5	116,7	119,2	120,2	117,8	121,3	121,8	120,1	123,4	124,1
125,9	128,3	127,2	126,9	129,8	136,1	135,5	135,8	134,0	133,9	132,2
95,3	106,4	106,3	104,1	105,7	109,3	111,2	110,1	108,4	117,5	117,7
115,1	118,1	120,7	125,5	123,6	110,5	126,6	127,1	127,9	134,7	134,3
77,3	76,4	80,2	86,0	87,6	83,5	85,6	88,3	81,3	80,7	85,5
122,4	120,9	121,5	123,3	125,2	124,7	124,0	124,0	122,1	125,2	126,1
115,2	119,6	120,6	126,2	123,6	127,3	125,8	128,6	129,3	125,5	125,6
161,6	163,6	161,0	161,7	163,4	164,5	173,0	173,1	167,7	166,0	170,6
176,5	187,0	180,3	179,3	185,2	182,5	204,7	207,8	195,6	190,8	201,9
141,7	138,5	136,1	135,7	138,4	145,5	138,3	138,0	138,3	139,1	139,6
115,4	108,6	115,1	121,8	117,3	110,0	124,9	117,4	115,7	115,6	126,6
154,7	154,8	153,0	153,4	151,5	156,7	156,2	156,9	154,2	154,0	146,1
127,8	129,3	129,4	129,2	129,3	129,6	129,7	130,7	130,7	123,5	119,8
118,4	120,3	120,6	120,6	120,7	120,7	120,7	120,7	120,7	103,3	97,3
123,2	125,6	125,5	125,5	125,4	125,4	125,3	125,7	125,6	111,0	103,7
135,8	137,2	137,9	134,8	137,3	138,9	139,0	139,5	139,4	131,6	128,7
130,5	132,3	132,7	132,6	132,5	132,9	132,6	133,3	133,4	127,4	123,3
137,1	136,6	137,0	136,5	137,1	137,0	136,4	137,3	137,3	136,3	132,2
110,9	118,7	114,3	116,0	114,1	116,3	122,0	128,8	127,6	121,9	133,2
120,9	122,1	120,0	119,8	122,0	120,1	116,0	119,7	119,0	112,2	106,5
131,8	135,2	131,4	131,2	133,8	129,6	123,3	130,6	130,5	122,5	112,3
113,3	112,8	112,4	111,6	112,4	113,1	110,0	110,2	108,3	100,4	101,6
110,9	110,9	110,4	110,0	109,1	111,5	114,5	114,7	112,7	93,5	88,1
101,9	105,0	103,3	99,6	98,0	89,7	97,8	101,9	91,5	82,6	75,9
102,6	98,6	101,7	102,9	92,3	104,1	104,3	94,8	100,3	81,2	84,6
115,6	115,6	124,3	127,8	125,2	127,0	123,1	125,1	122,4	90,7	98,7
110,6	113,9	101,7	103,8	117,4	117,7	135,5	146,5	140,2	93,4	71,8
136,3	137,5	137,2	135,6	136,6	136,4	132,2	133,4	132,3	132,5	129,8
106,0	104,9	110,7	104,2	106,1	107,0	107,4	110,4	109,6	104,7	99,2
89,8	82,1	82,3	83,4	84,0	84,1	85,1	89,0	89,6	87,5	85,6
103,6	105,7	120,8	84,9	97,7	94,6	94,4	108,9	104,0	91,0	88,9
74,5	75,9	68,4	63,2	66,7	73,5	73,1	79,8	82,6	72,4	72,6
90,0	90,7	110,9	101,1	108,5	106,0	108,5	112,7	109,2	100,5	89,8
134,3	133,1	131,9	132,5	133,5	132,8	132,1	133,2	131,8	129,7	125,3
128,7	124,2	147,3	135,4	128,2	128,4	129,7	128,2	126,7	125,2	112,3
115,5	114,6	113,0	114,0	113,9	113,7	113,1	111,1	110,3	111,7	105,9

Tafla 7. Vísitala neysluverðs, undirvísitölur apríl 2004–2005 (frh.)
 Tafla 7. Consumer price index, subindices, April 2004–2005 (cont.)

Coicop		Hlutfall mars 2005 Per 10,000	2004	
			April	Mai
0118	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl. <i>Sugar, jam, honey, syrups, chocolate and confectionery</i>	148	127,3	127,0
01181	Sykur <i>Sugar</i>	6	112,7	112,9
01182	Sultur, marmelaði og hunang <i>Jam, marmelade, honey</i>	7	112,1	110,7
01183	Súkkulaði <i>Chocolate</i>	9	116,7	117,5
01184	Sælgæti <i>Confectioneries</i>	103	122,6	122,3
01185	Ís <i>Edible ice and ice cream</i>	23	152,9	152,1
0119	Aðrar matvörur <i>Food products n.e.c.</i>	85	130,1	130,0
